

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992.

1. gr.

3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. mars 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hvolhrepps 1990-2010.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Hvolhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. janúar 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hvolsvallar 1990 - 2010 frá 14. maí 1990 1980-2000, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að útivistarsvæði í austasta hluta Hvolsvallar verður orlofs- og sumarbústaðasvæði.

Hreppsnefnd Hvolhrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstofnun, 22. mars 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir hönnunarvernd o.fl.

1. gr.

	Fyrir umsókn um skráningu á hönnunarvernd greiðist:	Kr.
a)	grunnjald, birting einnar myndar innifalin	7.000
b)	fyrir hverja hönnun umfram eina í umsókn um samskráningu	3.000
c)	fyrir birtingu hvernar myndar umfram eina	2.000